

Ed.

218. Frumvarp til laga

[186. mál]

um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

1. gr.

Síðasti málslíður 10. mgr. 16. greinar orðist svo:

Hvort foreldri sem er getur, að ósk móður, dvalist hjá barni sínu þann mánuð.

2. gr.

11. mgr. 16. greinar orðist svo:

Sé móður nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að hefja töku fæðingarorlofs meira en einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag, skal hún eiga rétt á greiðslu skv. 6. mgr. og 7. mgr. þann tíma, sem nauðsyn krefur, allt að einum mánuði, til viðbótar rétti skv. ðörum ákvæðum greinar þessarar. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort lenging fæðingarorlofs er nauðsynleg skv. þessu ákvæði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda um fæðingar frá 1. janúar 1985.

A t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a .

Með lögum nr. 98 1. júní 1984 var fæðingarorlof lengt, þegar um fleirburafæðingu er að ræða, um einn mánuð fyrir hvert barn umfram eitt, ef fleiri fæðast í einu.

Samtímis þessari breytingu hefði þurft að laga orðalag í niðurlagi 10. mgr. 16. greinar laga um almannatryggingar, þar sem rætt er um „hinn fjórða mánuð“, svo sem hér er lagt til að gert verði.

Pá hefði enn fremur þurft að breyta orðalagi 11. mgr. 16. greinar og fella burtu tilvísunina til fjögurra mánaða sem að sjálfsögðu stóðst ekki eftir gildistöku laga nr. 98 1984.

Með þessu frv. er það eitt lagt til, að fyrrgreindar leiðréttингar verði gerðar á 10. og 11. mgr. 16. greinar laga nr. 67/1971, um almannatryggingar.